

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1517  
komudagur 20.3.2001

## Ráðstefna í Árneshreppi 17.-18. mars 2001

Jón Helgason formaður Landverndar

Umhverfis- og náttúruverndarsamtökin Landvernd voru stofnuð fyrir rúmum þremur áratugum, fyrst og fremst til að efla áhuga þjóðarinnar á landgræðslu og gróðurvernd. Með tilliti til þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa síðan á viðhorfum og áherslum á umhverfismál, hefur starfsvettvangur Landverndar vaxið og verkefnið orðið fjölbreyttari.

Þegar ráðherranefnd Norðurlanda samþykkti fyrir fáum árum, að verndun menningarminja og annars menningararfs skyldi verða einn af þremur megin þáttum umhverfisverndar, hlaut Landvernd að taka þau málefni á verkefnaskrá sína.

Í því sambandi rifjuðust þá upp fyrir mér ummæli nokkurra landbúnaðarráðherra á Evrópuráðstefnu FAO fyrir meira en tíu árum. Þar var rætt um umhverfisvandamál, sérstaklega skógardauða af völdum mengunar. Þeir töldu hins vegar að mesta umhverfisvá í þeirra löndum væri eyðing byggðar. Rökin fyrir því voru þau að auðnir væri hægt að endurrækta en horfin menning yrði aldrei endurvakin.

Landvernd taldi mikilvægt að vinna að því að samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar yrði ekki dauður bókstafur, heldur skyldi þegar í stað hafist handa við að sýna viljann í verki. Í því skyni taldi Landvernd afar brýnt að sem allra fyrst yrði valinn staður til að láta reyna á hvaða úrræði gætu komið að gagni.

Á þessari ráðstefnu hefur verið sagt frá ýmsu um aðstæður og sögu Árneshrepps. Þar hefur komið margt skýrt fram, sem hefur einkennt sambúð lands og þjóðar hérlendis á liðnum tíma, ekki síst vegna þess hve fjölbreytt föng var hægt að sækja hér til lands og sjávar, þótt harðsótt væri.

Fólki hefur fækkað ört í byggðarlaginu síðustu áratugi eftir uppgang á fyrri hluta aldarinnar. Vegna þess fámennis ætti tiltölulega lítið fjármagn að nægja til að leiða í ljós, hvort að gagni geti komið einhver þau úrræði, sem eru fól fyrir krónur og aura. Byggðin er skýrt afmörkuð, svo auðvelt verður að meta áhrif aðgerða, og aðstæður svo sérstakar, að teljast verður illkvittni að fyllast öfund vegna einhvers stuðnings í þessu skyni við hana.

Með þessum rökum lagði Landvernd fram tillögu um, að ríkisvaldið ákvæði að gera 5 – 10 ára tilraun hér í Árneshreppi til að styrkja búsetu á jaðarsvæði með raunhæfum aðgerðum í samræmi við samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Það yrði gert með þeim hætti að íbúar Árneshrepps skyldu spurðir, hvað ríkisvaldið gæti gert til að fá þá fram til samstarfs við að varðveita þennan menningararf með gróandi mannlíf í byggðarlaginu.

Það eru að sjálfsögðu fyrst og fremst íbúarnir sjálfir, sem geta gefið góð ráð og leiðbeiningar um hvað þurfi til, þó að einhver atriði liggi í augum uppi. Framtíð þess hlýtur auðvitað hér eftir sem hingað til að byggjast á því, að gæði náttúrunnar til lands og sjávar verði nýtt með þeim hætti, að afkoma þeirra sem að því vinna verði viðunandi.

Í sjávarútvegi skiptir mestu máli aflamagn handa þeim, sem hér eiga lögheimili og sækja ekki vinnu utan byggðarlagsins. Á því sviði ætti ríkisvaldið að geta fundið úrræði. Í landbúnaði er erfðasti þröskuldurinn hins vegar of lítill markaður, þar sem verðið er líka of lágt til að greiða fullan framleiðslukostnað. Viðhorfin virðast þó geta breyst á skammri stundu eins og nú, þegar

þeir sem mest hafa lofsungið ótakmarkað frelsi til innflutnings matvæla til að keppa við íslenska bændur, segjast á svipstundu vera orðnir bestu vinir innlendra afurða.

Þó að valt kunni að vera að treysta á slíkan stuðning til langframa, þá er ýmislegt annað, sem gefur tilefni til að ætla, að miklar breytingar geti orðið fyrirvaralítið á þessu sviði. Það er ekki aðeins vegna sjúkdóma og annarra ófyrirsjáanlegra afleiðinga hinnar hörðu kröfu markaðshyggjunnar um ódýrar afurðir á kostnað hollustu og umhverfis, heldur fyrst og fremst vegna nýrra tækifæra, sem aukin þekking og rannsóknir veita.

Á það bæði við um það, sem nefndar eru hefðbundnar afurðir, og einnig annað úr ríki náttúrunnar, sem við höfum a.m.k. ekki hingað til lagt okkur niður við að nýta. Nýlega höfum við t.d. heyrt að hvönn, sem er m.a. gróskumikil norður í Jökulfjörðum, sé hið besta hráefni til framleiðslu á heilsuvörum og lyfjum og geti orðið undirstaða að umfangsmiklum og verðmætum iðnaði.

Þrátt fyrir slíkar rökstuddar væntingar er ljóst, að þær nægja a.m.k. ekki í bili. Mikilvægasta atriði í samstarfi ríkisvaldsins og íbúa við þetta margþætta menningar-, umhverfis- og byggðaverkefni, er að þeir, sem standa vörð um þennan arf, njóti viðunandi afkomu, ekki síður en þeir, sem vinna að endurbyggingu og umsjón einstakra húsa í þéttbýli, er þjóðin stendur saman að og telur sjálfsagt að greiða fyrir.

Það sama gildir um aðgang að nauðsynlegri þjónustu, sem sívaxandi tækni gerir sem betur fer auðveldari að veita með hverju árinu sem líður. Ekki er nema eðlilegt, að samfélagið greiði eitthvað aukalega fyrir hana við þessar aðstæður, því að allir gera sér grein fyrir því, að margt af því, sem samfélagið greiðir fyrir í þéttbýli, þess njóta íbúar strjálbýlis ekki með sama hætti.

Vilji ríkisvaldið leita liðsinnis íbúa Árneshrepps til að sýna í verki vilja sinn til að fara eftir samþykkt Norðurlandaráðs og vinna að varðveislu menningararfs þess byggðarlags, skiptir mestu máli að það gangi til þess verks af einlægni og festu. Það þarf að skapa traust milli fulltrúa ríkisvalds og sveitarfélags, sem vinna saman að verkefnum, og trú á, að því sem er nauðsynlegt og raunhæft að gera, verði hrint í framkvæmd svo fljótt sem verða má, til að hér dafni farsælt samfélag.

Flestir hljóta að vera sammála um, að hefði slík tilraun nú staðið í fimm ár, þá værum við nú orðin reynslunni ríkari, hver sem árangurinn væri. Þá væri með betri rökum hægt að ræða um byggðamál, ekki aðeins í þessu byggðalagi, heldur mörgum fleiri, ekki aðeins hér á landi, heldur víðar, þar sem svipaður vandi steðjar að.

Það er því afar brýnt, að hægt sé að hefjast handa sem fyrst. Áætlun ríkisstjórna Norðurlanda um sjálfbæra þróun var kynnt á umhverfisþingi í lok janúar sl. Þar var enn ítrekað, að verndun menningararfleiðar væri verkefni sem vinna skuli að. Á umhverfisþingi lagði Landvernd fram yfirlýsingu um mótun íslenskrar áætlunar um sjálfbæra þróun og er hún hér með í fundargögnum.

Vonandi verður þessi ráðstefna nægjanleg hvatning til að ríkisvaldið láti hendur standa fram úr ermunum, svo að yfirlýsingar, samþykktir og framkvæmdaáætlanir verði ekki aðeins fögur orð á gulnuðum blöðum. Þá ættum við að vera reynslunni ríkari að fjórum árum liðnum.